

Ed.

44. Nefndarálit

um frumvarp til yfirsetukvennalaga.

Vjer sem háttvirt efri deild kaus í nefnd til að athuga frumvarp þetta höfum haldið nokkra fundi með oss til að rannsaka málið.

Mál þetta er óvanalega vel undirbúið til þingsins. Landlæknir hefir sam-
ið mjög greinilega og glögga skýrslu um þetta efni, og leyfum vjer oss að vísa til hennar hverjum þeim, er forvitnast vill um orsökina til þeirra breytinga, er frumvarp þetta, ef að lögum yrði, mundi gera á launakjörum yfirsetukvenna hjer á landi yfir höfuð. Þessi skýrsla sýnir skýrt, að hinar almennu umkvartanir og óskir yfirsetukvenna landsins fyrir 2 árum, er komu þessu máli af stað, eru á miklum rökum byggðar, og að full ástæða er til fyrir Alþingi að taka þær að nokkru leyti til greina.

Landlæknir hefir og litið svo á þetta mál, og gert um það ákveðnar til-
lögur til stjórnarinnar með frumvarpi því, er hjer liggur fyrir, og stjórnin hefir fallist á frumvarpið og lagt það óbreytt fyrir þingið.

Nefndin hefir nú athugað frumvarpið með hinum ítarlegu skýringum og komist að þeirri niðurstöðu, að ráða þingdeildinni til að samþykkja það með þeim breytingum, er hjer verða taldar.

Frumvarpið kemur í 5. grein með algerlega ný ákvæði um rjett yfirsetu-
kvenna til eftirlauna. Nefndin hyggur, að með slíkum ákvæðum, ef að lögum yrðu, mundi verða stigið inn á hála braut eða að ýmsir aðrir opinberir starfs-
menn þjóðarinnar mundu fara af stað og krefjast eftirlauna.

Fyrir því vill nefndin ráða til þess, að slík eftirlaunaákvæði verði feld burt, að því fráteknu þó, að sú yfirsetukona, er slasast þannig, þegar hún er að gegna stöðu sinni, að hún verður að fá lausn og er ófær til að vinna fyrir sjer á annan hátt, skuli hafa rjett til eftirlauna. En rjettast þykir að láta bæjar-
stjórnir og sýslunefndir hafa óbundnar hendur um að kveða á um upphæð eftir-
launanna, eins og líka er ætlast til, að þær haldi áfram rjetti sínum til að veita eftirlaun þeirri yfirsetukonu, sem fengið hefir lausn frá starfa sínum fyrir sakir elli eða sjúkleika, ef þeim sýnist svo.

Þá eru 3 aðrar breytingar, sem nefndin ræður til að gerðar sjeu við frumvarpið. Þær eru allar við 7. grein og eru þessar:

1. að engin sjerstök daglaun skuli greiða fyrir þann dag, er yfirsetukonan tekur á móti barninu, enda lítur nefndin svo á, að 5 kr. sje sæmileg lögákveðin þóknun fyrir starfið alt þann dag.

2. að yfirsetukona geti ekki átt heimtingu á þóknun úr sveitarsjóði, fyrir yfirsetustarfið, nema sængurkonan þiggi af sveit, eða verði sveitarstyrks þurfandi út af barnsfæðingunni.

Í 3. lagi þykir nefndinni ekki ástæða til að kveða svo á, að þóknun til yfirsetukvenna úr sveitarsjóði skuli ekki teljast með fátækrastyrk.

Búast má við, að sumum kunni að þykja, að bæjarsjóðum og sveitarsjóðum verði ofþyngt með þeirri launahækkun yfirsetukvenna, er hjer er um að ræða. Fyrir því þykir hlýða að taka það fram, að samkvæmt greinilega sundurliðaðri skýrslu landlæknis mundi þessi hækkun á ári nema alls 6000 kr. Af þessari upphæð koma 1500 kr. á kaupstaðina fjóra, en 4500 kr. á sýslufjelögin tuttugu og fimm. Af kaupstöðunum kemur hækkunin mest á Reykjavík eða um 900 kr. Á sýslufjelag hvert yrði hækkunin að meðaltali 180 kr. á ári. Og þar sem á öllu landinu eru um 200 hreppar, mundi sýslusjóðsgjald hvers hrepps hækka árlega að meðaltali um kr. 22,50. Hjer getur því ekki verið að ræða um tilfinnanlega útgjaldahækkun fyrir neinn. Og má þá því frekar vænta þess, að þessi tilætlaða breyting og bót á launakjörum yfirsetukvenna nái samþykki þæði þings og þjóðar.

BREYTINGARTILLÖGUR

nefndarinnar verða þá þessar:

Við 5. gr. 2. og 3. liður falli burt.

— - — Fyrir 4. lið komi:

Sú yfirsetukona sem slasast þannig, þegar hún er að gegna stöðu sinni, að hún verður að fá lausn, og er ófær til að vinna fyrir sjer á annan hátt, hefir rjett til eftirlauna, og ákveður bæjarstjórn eða sýslu-nefnd upphæð þeirra.

— 7. — Inn í fyrri lið á eftir orðunum: »hjá sængurkonunni« bætist: nema þann dag, er hún tekur á móti barninu.

— - — Í síðari lið fyrir orðin; »er svo fátæk borgað« komi: verður sveitarstyrks þurfandi út af barnsfæðingunni.

— - — Aftan af sama lið falli: »og skal ekki telja þau sveitargjöld með fátækrastyrk.

Efri deild Alþingis, 22. júlí 1912.

Sigurður Stefánsson,
form.

Björn Þorláksson,
skrifari og framsögumaður.

Steingrímur Jónsson.

Guðjón Guðlaugsson.

Þórarinn Jónsson.